

## SUMARSKÓLINN

Nánari upplýsingar eru veittar  
hjá Námsflokkum Reykjavíkur  
í síma 567-7050 og 411-7000

Mími-símenntun  
í síma 580-1800

Umhverfissviði Reykjavíkur  
í síma 411-1111 og  
í félagsmiðstöðinni  
Frostaskjóli í síma 411-1111.



## SUMARSKÓLINN - SUMARFJÖR

ÍSLENSKA



*Sumarskólinn – sumarfjör* er samstarfs-  
verkefni Námsflokka Reykjavíkur,  
Þjónustumiðstöðvar Miðbæjar og Hlíða,  
Vinnuskólans, ÍTR, Mímis símenntunar  
og Alþjóðahúss. Í skólanum gefst gott  
tækifæri til að læra íslensku og kynnst  
íslensku samfélagi. Gæsla fyrir börn á  
aldrinum 18 mánaða til 6 ára er í boði  
fyrir nemendur. Þá er boðið upp á  
leikjanámskeið fyrir börn undir 12 ára  
aldri og unglingar á aldrinum 13-16 ára  
geta tekið þátt í vinnuskóla þar sem þeir  
stunda launaða vinnu og læra íslensku  
á sama tíma. Sumarskólinn starfar á  
ýmsum stöðum í Reykjavík.



Reykjavik City  
Department of Education



VINNUSKÓLI  
REYKJAVÍKUR



# SUMARSKÓLINN – SUMARFJÖR

## Íslenskukennsla fyrir fullorðna (16 ára og eldri)

Eins og undanfarin ár verður boðið upp á Sumarskóla, sem er íslenskunám og grunnfræðsla um íslenskt þjóðfélag, fyrir fullorðna útlendinga.

Mímir—símenntun heldur 50 stunda íslenskunámskeið fyrir fullorðna sem eiga lögheimili í Reykjavík í umboði Námsflokka Reykjavíkur. Þeir sem hafa búið hér á landi skemur en fjögur ár hafa forgang. Námskeiðið kostar 22.000 krónur.

Boðið verður upp á þriggja vikna **morgunnámskeið** frá 3. júlí – 21. júlí, frá kl. 09:20 – 12:00 alla virka daga og fjögurra vikna **kvöldnámskeið** frá 26. júní – 20. júlí, mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 18:00 – 21:00.

Alþjóðahúsið mun sjá um samfélagsfræðslu og vettvangsferðir.

## Barnagæsla.

Barnagæsla verður í boði fyrir börn nemenda sem sækja morgunnámskeið. Barnagæslan er ætluð börnum á aldrinum 18 mánaða – 6 ára.

## Vinnuskólinn fyrir unglinga (13-16 ára)

Vinnuskóli Reykjavíkur er starfræktur fyrir nemendur sem hafa verið í 8., 9. og 10. bekk í vetur í grunnskólum borgarinnar og eiga lögheimili í Reykjavík.

8. bekkingar (14 ára á árinu): 3.5 tímar á dag í 5 vikur á 8 vikna tímabili

9. bekkingar (15 ára á árinu): 7 tímar á dag í 5 vikur á 8 vikna tímabili

10. bekkingar (16 ára á árinu): 7 tímar á dag í 5 vikur á 8 vikna tímabili

Allir nemendur Vinnuskólans verða að velja sér 3 frívikur á þessu 8 vikna tímabili.

Vinnuskólinn hefst þann 12. júní og stendur í 8 vikur. Hann býður unglingum sem ekki tala íslensku vinnu í sumar með leiðbeinanda sem fléttar íslenskunám við dagleg störf í Vinnuskólanum. Unglingarnir verða að hafa búið hér á landi skemur en tvö ár og hafa lögheimili í Reykjavík.

## Leikjanámskeið fyrir börn (6-12 ára)

Fyrir börn verður boðið upp á leikjanámskeið, þeim að kostnaðarlausu, hafi þau búið hér á landi skemur en fjögur ár. Leikjanámskeiðin eru ætluð börnum á aldrinum 6-9 ára. Börnin fara á leikjanámskeið í þeim hverfum þar sem þau búa. Markmiðið er að börnin læri íslensku í gegnum leik og starf. Með þessu móti má sameina íslenskunám og félagsleg tengsl. 10-12 ára börnum er boðin þátttaka í frístundaklúbbum sem er tilboð fyrir aldurshópin út í hverfunum. Þar er lögð áhersla á leik, lífsleikni og börnin taka þátt í að skipuleggja dagskrána.

Skráning á íslenskunámskeið fyrir fullorðna fer fram hjá Mími- símenntun, Grensásvegi 16a, í síma 580-1800. Umsóknarfrestur er til 16. júní.

Skráning á leikjanámskeið fer fram hjá Frístundamiðstöðvum ÍTR út í hverfunum.

○ Í Árbæ og Norðlingaholti – í Frístundamiðstöðinni Árseli í síma 567-1740

○ Í Breiðholti – í Frístundamiðstöðinni Miðbergi í síma 557-3550

○ Í Grafarvogi – í Frístundamiðstöðinni í Gufunesbæ, frá 9. maí – 5. júní í síma 520-2300. frá 6. júní í Tígrisbæ við Rimaskóla í síma 587-2406

○ Í Hlíðahverfi, Langholt- og Voghverfi, Háteigshverfi og Bústaðarhverfi í Frístundamiðstöðinni Tónabæ í síma 510-8800.

○ Í Vesturbæ og Miðbæ – í Frístundamiðstöðinni Frostaskjólí í síma 411-5700

Skráning í Vinnuskólann er rafræn á heimasíðunni [www.vinnuskoli.is](http://www.vinnuskoli.is)

Þeir sem hafa ekki aðgang að tölvu geta komið á skrifstofu Vinnuskólans, Skúlagötu 19, 3. hæð.

